Umhverfissvið

# Endurgerð leikskólalóða 2016 - 2025

## Staða og endurmat



**8.1. 2026, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar**

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

# Inngangur

Vorið 2017 kom út greinargerð starfshóps um "Skemmtilegar leikskólalóðir í Kópavogi", sem finna má undir leikskólaefni á heimasíðu Kópavogsbæjar, sjá hér. Þar voru, auk ítarlegrar umfjöllunar og greininga, settar fram tillögur um endurgerð leikskólalóðanna. Síðan þá hafa leikskólanefnd og bæjarráð samþykkt tillögur um framkvæmdir hvers árs á grundvelli skýrslunnar og þeirrar aðferðafræði sem þar er sett fram. Unnið hefur verið stöðugt að þessu verkefni undanfarin ár og hafa orðið miklar breytingar til batnaðar á þeim lóðum sem hafa verið endurgerðar. Samhliða hefur aukinn kraftur verið settur í viðhaldsmál leikskólalóðanna, þó það sé ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Starfshópurinn taldi á sínum tíma mikilvægt að mat á lóðunum væri sett fram á mælanlegan hátt, þ.e. að eftir nokkurn tíma væri hægt að nota sömu aðferðir og mæla breytingar sem orðið hafa. Þegar unnið hafði verið með þessu vinnulagi í fjögur ár var tekin saman skýrsla um það helsta sem hafði verið endurbætt á leikskólalóðum bæjarins 2016-2020 og var hún lögð fyrir leikskólanefnd 21.1. 2021. Samantektin byggði fyrst og fremst á því að bera saman mælikvarðana þrettán sem notaðir voru við mat á lóðunum ásamt útskýringum á þeim og einnig var sett fram nýtt mat lóðanna, miðað við breytingar sem höfðu orðið á ástandi þeirra og þar af leiðandi tillaga að nýrri forgangsröðun endurbóta. Í janúar 2023 var aftur lögð fram í leikskólanefnd uppfærð stöðuskýrsla og endurmat og síðast fyrir réttu ári, í janúar 2025.

Hér er enn sett fram uppfært mat lóðanna, eftir breytingar sem orðið hafa sl. ár, því mikilvægt er að alltaf sé unnið með nýjustu gögn sé þess kostur. Á grundvelli stöðunnar nú er lögð fram tillaga að nýrri forgangsröðun endurbóta leikskólalóða í Kópavogi.

# Hvað hefur verið gert á leikskólalóðunum undanfarið?

Í töflu 1. eru lóðir sem endurgerðar hafa verið frá 2017 þegar skýrslan kom út og til ársins 2024. Endurgerð lóðanna var þó hafin áður og er það sýnt með ljósgráum lit.

| | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dalur** | | | | | | | | | | | |
| **Grænatún** | | | | | | | | | | | |
| **Fagrabrekka** | | | | | | | | | | | |
| **Arnarsmári** | | | | | | | | | | | |
| **Álfatún** | | | | | | | | | | | |
| **Núpur** | | | | | | | | | | | |
| **Efstihjalli** | | | | | | | | | | | |
| **Lækur (Stóri-)** | | | | | | | | | | | |
| **Fífusalir** | | | | | | | | | | | |
| **Sólhvörf** | | | | | | | | | | | |
| **Baugur** | | | | | | | | | | | |
| **Rjúpnasalir** | | | | | | | | | | | |

**Tafla 1. Yfirlit yfir framkvæmdir í „Skemmtilegum leikskólalóðum“ 2017-2025 og hvað var gert árin á undan.**

Lóðir leikskólanna Baugs og Rjúpnahæðar voru nær alveg endurnýjaðar 2025, en eftir er að stækka lóð Baugs og endurnýja hluta lóðar Rjúpnaæðar. Önnur stór verk á leikskólalóðum 2025 er alger endurgerð leikskólans Kópasteins (Litla-Steins) en sér fjárveiting var í það verk. Ekki eru talin með þau fjölmörgu verk sem lúta frekar að viðhaldi á lóðum, leiktækjum, búnaði o.fl. eða minniháttar lagfæringum og endurbótum.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Fjöldi rýma og stærðir leikskólalóða

| Fjöldi rýma og stærð lóða 2016 | Fjöldi rýma | Lóðar-stærð í m² | Lóðarstærð í m² pr. rými |
|---|---|---|---|
| Aðalþing | 120 | 2.470 | 20,6 |
| Arnarsmári | 90 | 3.390 | 37,7 |
| Austurkór | 120 | 3.400 | 28,3 |
| Álfaheiði | 84 | 3.030 | 36,1 |
| Álfatún | 79 | 1.860 | 23,5 |
| Baugur | 152 | 5.230 | 34,4 |
| Dalur | 88 | 2.360 | 26,8 |
| Efstihjalli | 100 | 4.040 | 40,4 |
| Fagrabrekka | 68 | 1.980 | 29,1 |
| Fífusalir | 111 | 3.520 | 31,7 |
| Furugrund | 72 | 1.670 | 23,2 |
| Grænatún | 65 | 2.110 | 32,5 |
| Kópahvoll | 80 | 3.210 | 40,1 |
| Kópasteinn | 73 | 2.550 | 34,9 |
| Kór | 120 | 5.330 | 44,4 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 1.930 | 53,6 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 3.360 | 36,1 |
| Marbakki | 104 | 2.860 | 27,5 |
| Núpur | 105 | 3.220 | 30,7 |
| Rjúpnahæð | 111 | 3.660 | 33,0 |
| Sólhvörf | 120 | 4.110 | 34,3 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 109 | 3.730 | 34,2 |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 26 | 1.760 | 67,7 |
| SAMTALS | 2.126 | 70.780 | |
| MEÐALTAL 2016 | 92,4 | 3.077 | 34,8 |

| Fjöldi rýma og stærð lóða 2025 | Fjöldi rýma | Lóðar-stærð í m² | Lóðarstærð í m² pr. rými |
|---|---|---|---|
| Aðalþing | 116 | 2.470 | 21,3 |
| Arnarsmári | 84 | 3.390 | 40,4 |
| Austurkór | 116 | 3.400 | 29,3 |
| Álfaheiði | 80 | 3.030 | 37,9 |
| Álfatún | 79 | 2.600 | 32,9 |
| Barnaskóli Kársness | 80 | 1.690 | 21,1 |
| Baugur | 143 | 5.790 | 40,5 |
| Dalur | 82 | 2.360 | 28,8 |
| Efstihjalli | 97 | 4.040 | 41,6 |
| Fagrabrekka | 68 | 2.070 | 30,4 |
| Fífusalir | 106 | 3.520 | 33,2 |
| Furugrund | 100 | 2.050 | 20,5 |
| Grænatún | 63 | 2.110 | 33,5 |
| Kópahvoll | 74 | 3.210 | 43,4 |
| Kópasteinn | 68 | 2.550 | 37,5 |
| Kópast. (Litli-Steinn) | 30 | 1.530 | 51,0 |
| Kór | 112 | 5.330 | 47,6 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 1.930 | 53,6 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 3.360 | 36,1 |
| Marbakki | 99 | 2.860 | 28,9 |
| Núpur | 99 | 3.220 | 32,5 |
| Rjúpnahæð | 106 | 3.660 | 34,5 |
| Sólhvörf | 139 | 3.980 | 28,6 |
| Urðarhóll | 130 | 3.730 | 28,7 |
| SAMTALS | 2.200 | 73.880 | |
| MEÐALTAL 2025 | 91,7 | 3.078 | 34,7 |

**Tafla 2. Fjöldi rýma og stærð lóða 2016 og 2025.** Flokkað er: +/-10% frá meðaltali (blátt), 10-20% yfir meðaltali (dökkgrænt), meira en 20% yfir meðaltali (ljósgrænt), 10-20% undir meðaltali (gult) og meira en 20% undir meðaltali (rautt). Því hærri tala, þeim mun meira pláss og minni átroðningur. Gráir reitir tákna það sem breyttist á síðasta ári í fjölda rýma og stærð lóða. Þessi samanburður er settur upp á þann hátt að miðað er við lóðir Baugs og Rjúpnahæðar fullkláraðar.

Árið 2022 fjölgaði leikskólarýmum um 82, í Furugrund, Sólhvörfum og Urðarhóli, en hafði áður verið fækkað 93 til að auka pláss innandyra í flestum leikskólanna. Nú eru þau álíka mörg og 2016 ef frá er talinn nýjasti leikskólinn í Barnaskóla Kársness. Útileiksvæði leikskólalóðanna, þ.e. lóðarstærð innan girðingar, hefur stækkað nokkuð frá 2016 þannig að meðalstærð pr. pláss helst óbreytt. Vegna fjölgunar barna í Sólhvörfum og Urðarhól minnkar fermetrafjöldi pr. rými þar talsvert, en mun minna í Furugrund því þar var lóð stækkuð eins og kostur var á. Athygli vekur að nýjasti leikskólinn er með þriðja minnsta útiplássið.

Til að gera þann samanburð sem réttastan er ekki miðað við hve mörg börn eru í leikskólanum þessa stundina heldur hve mörgum rýmum gert er ráð fyrir á viðkomandi leikskóla. Frá 1995 var í gildi reglugerð um leikskóla, þar sem sagði: „Við hönnun nýrra útileiksvæða og þar sem því verður við komið við eldri leikskóla skal miðað við a.m.k. 30-40 m² fyrir hvert barn. Útileiksvæði skal þó aldrei vera minna en 20 m² fyrir hvert barn.“ Þetta viðmið var fellt út 2008 en engin leikskólalóðanna í Kópavogi hefur þó til þessa verið undir þessum viðmiðum. Stærð lóðar innan girðingar pr. barn, eða réttara sagt pr. rými, er nú minnst 20,5 m² í Furugrund og litlu meira í Aðalþingi en mest 53,6 m² í Kópasteini (Litla-Steini) við Hábraut. Meðaltalið er 34,7 m² pr. rými og miðgildið er 35,1 m².



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Leiktæki, leiktækjastig og leiktækifæri

| Leiktæki og leiktækjastig 2016 | Fjöldi rýma | Fjöldi leik-tækja | Fjöldi leikt.-stiga | Fjöldi rýma pr. leiktæki | Fjöldi rýma pr. leikt.stig |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðalþing | 120 | 17 | 41 | 7,1 | 2,9 |
| Arnarsmári | 90 | 20 | 47 | 4,5 | 1,9 |
| Austurkór | 120 | 16 | 38 | 7,5 | 3,2 |
| Álfaheiði | 84 | 18 | 41 | 4,7 | 2,0 |
| Álfatún | 79 | 11 | 27 | 7,2 | 2,9 |
| Baugur | 152 | 23 | 51 | 6,6 | 3,0 |
| Dalur | 88 | 25 | 60 | 3,5 | 1,5 |
| Efstihjalli | 100 | 23 | 54 | 4,3 | 1,9 |
| Fagrabrekka | 68 | 18 | 40 | 3,8 | 1,7 |
| Fífusalir | 111 | 26 | 56 | 4,3 | 2,0 |
| Furugrund | 72 | 13 | 34 | 5,5 | 2,1 |
| Grænatún | 65 | 20 | 47 | 3,3 | 1,4 |
| Kópahvoll | 80 | 17 | 42 | 4,7 | 1,9 |
| Kópasteinn | 73 | 19 | 44 | 3,8 | 1,7 |
| Kór | 120 | 22 | 51 | 5,5 | 2,4 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 10 | 25 | 3,6 | 1,4 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 23 | 52 | 4,0 | 1,8 |
| Marbakki | 104 | 21 | 46 | 5,0 | 2,3 |
| Núpur | 105 | 20 | 47 | 5,3 | 2,2 |
| Rjúpnahæð | 111 | 22 | 46 | 5,0 | 2,4 |
| Sólhvörf | 120 | 18 | 42 | 6,7 | 2,9 |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 109 | 24 | 50 | 4,5 | 2,2 |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 26 | 13 | 25 | 2,0 | 1,0 |
| SAMTALS | 2.126 | 439 | 1.006 | | |
| MEÐALTAL 2016 | 92,4 | 19,1 | 43,7 | 4,9 | 2,1 |

| Leiktæki og leiktækjastig 2025 | Fjöldi rýma | Fjöldi leik-tækja | Fjöldi leikt.-stiga | Fjöldi rýma pr. leiktæki | Fjöldi rýma pr. leikt.stig |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðalþing | 116 | 17 | 41 | 6,8 | 2,8 |
| Arnarsmári | 84 | 21 | 53 | 4,0 | 1,6 |
| Austurkór | 116 | 16 | 38 | 7,3 | 3,1 |
| Álfaheiði | 80 | 19 | 42 | 4,2 | 1,9 |
| Álfatún | 79 | 20 | 48 | 4,0 | 1,6 |
| Barnaskóli Kársness | 80 | 20 | 50 | 4,0 | 1,6 |
| Baugur | 143 | 37 | 85 | 3,9 | 1,7 |
| Dalur | 82 | 25 | 60 | 3,3 | 1,4 |
| Efstihjalli | 97 | 25 | 58 | 3,9 | 1,7 |
| Fagrabrekka | 68 | 17 | 40 | 4,0 | 1,7 |
| Fífusalir | 106 | 31 | 79 | 3,4 | 1,3 |
| Furugrund | 100 | 22 | 54 | 4,5 | 1,9 |
| Grænatún | 63 | 20 | 46 | 3,2 | 1,4 |
| Kópahvoll | 74 | 15 | 35 | 4,9 | 2,1 |
| Kópasteinn | 68 | 19 | 44 | 3,6 | 1,5 |
| Kópasteinn (Litli-Steinn) | 30 | 5 | 16 | 6,0 | 1,9 |
| Kór | 112 | 22 | 55 | 5,1 | 2,0 |
| Lækur (Litli Lækur) | 36 | 11 | 27 | 3,3 | 1,3 |
| Lækur (Stóri Lækur) | 93 | 24 | 57 | 3,9 | 1,6 |
| Marbakki | 99 | 21 | 46 | 4,7 | 2,2 |
| Núpur | 99 | 21 | 53 | 4,7 | 1,9 |
| Rjúpnahæð | 106 | 23 | 65 | 4,6 | 1,6 |
| Sólhvörf | 139 | 25 | 68 | 5,6 | 2,0 |
| Urðarhóll | 130 | 22 | 48 | 5,9 | 2,7 |
| SAMTALS | 2.200 | 498 | 1.208 | | |
| MEÐALTAL 2025 | 91,7 | 20,8 | 50,3 | 4,5 | 1,9 |

**Tafla 3. Fjöldi leiktækja og leiktækjastiga og tengsl við fjölda barna (rýma) 2016 og 2025.** Flokkað er: +/- 10% frá meðaltali (blátt), 10-20% undir meðaltali (ljósgrænt), meira en 20% undir meðaltali (dökkgrænt), 10-20% yfir meðaltali (gult) og meira en 20% yfir meðaltali (rautt). Því lægri tala, þ.e. færri börn um leiktækin, þeim mun betra. Á tímabilinu hefur staðan batnað um 10% í heildina, hvort sem litið er til fjölda leiktækja eða leiktækjastiga.

Töflur í skýrslunni frá 2017 (gögn frá 2016) með yfirliti yfir þau leiktæki sem þá var að finna voru bornar saman við það sem nú er á lóðunum. Fjöldi leiktækja á lóðum leikskólanna hefur aukist um 13% frá 2016. Skoðaður var fjöldi barna (rýma) á hvert leiktæki og er meðaltalið nú 4,5 en var 4,9 árið 2016. Einnig var þetta skoðað út frá mismunandi eðli og gerð leiktækjanna og þeim öllum gefin stig. Þannig fékk t.d. einföld jafnvægisslá eða borð í sandkassa 1 stig, leikkofi 2 stig, venjuleg róla 3 stig og kastali og önnur fjölnota tæki fleiri stig, mismikið eftir samsetningu þeirra. Það hversu mörg börn voru um hvert leiktækjastig gefur í raun réttari mynd af notagildi leiktækjanna heldur en fjöldi þeirra. Frá 2016 hefur leiktækjastigum fjölgað um 20% í heildina. Bæði þessi atriði eru notuð sem mælikvarði við mat á aðstæðum. Jafnframt var skoðað og tekið tillit til við forgangsröðun hver aldur leiktækjanna var, sjá töflu 5.

En það er fleira en fjöldi leiktækja sem gerir leikskólalóð góða. Í töflu 4 eru tekin saman ýmis önnur atriði sem starfshópurinn kallaði einu nafni „leiktækifæri“. Fjöldi rýma (barna) pr. leiktækifæri er einn af mælikvörðunum sem notaðir eru við mat á aðstæðum hverrar lóðar. Ástandið er betra eftir því sem talan er lægri. Meðaltalið nú er 6,2 en var 7,1 árið 2016

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

| Leiktækifæri 2016 | Bekkir | Berjarunnar | Boltavöllur/-svæði | Borð með bekkjum | Brú | Drullumallsvæði | Eldstæði | Fjölbreyttur efniviður | Fuglahús/-bretti | Grasbrekka | Grasflöt | Grjót | Gróðursæld | Göng | Hjólastígar/aðrir stígar | Höll | Malarsvæði | Matjurtagarður/-svæði | Náttúrusvæði | Setstallar | Sleðabrekka | Staurabyrping | Stór hörð svæði | Timburpallar | Útivatnskrani | Leik-tæki-færi alls | Fjöldi rýma | Fjöldi rýma pr. leikt-tæki-færi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalþing** | 1 | | | 1 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 1 | | 13 | 120 | **9,2** |
| **Arnarsmári** | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | | | | | 1 | 1 | 14 | 90 | **6,4** |
| **Austurkór** | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | 1 | | | | 1 | | | | | | | 1 | 1 | | 1 | 9 | 120 | **13,3** |
| **Álfaheiði** | 2 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | | 2 | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 19 | 84 | **4,4** |
| **Álfatún** | 1 | 1 | | | | 1 | | | | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 11 | 79 | **7,2** |
| **Baugur** | | 1 | | 2 | | | | | | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | | 1 | 2 | 1 | | 13 | 152 | **11,7** |
| **Dalur** | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 2 | 1 | | | 2 | 1 | 1 | 18 | 88 | **4,9** |
| **Efstihjalli** | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 11 | 100 | **9,1** |
| **Fagrabrekka** | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | | | | 1 | 1 | | | | | 2 | 1 | | 10 | 68 | **6,8** |
| **Fífusalir** | 1 | 1 | 1 | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 16 | 111 | **6,9** |
| **Furugrund** | 2 | 1 | | 1 | | | | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | | | 1 | | | 1 | | 1 | 11 | 72 | **6,5** |
| **Grænatún** | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | 2 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | 17 | 65 | **3,8** |
| **Kópahvoll** | 1 | | | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 12 | 80 | **6,7** |
| **Kópasteinn** | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | | | 1 | 2 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 73 | **4,9** |
| **Kór** | 1 | | | 2 | | | | | | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | 14 | 120 | **8,6** |
| **Lækur (Litli Lækur)** | 1 | | | 1 | | | | | | | 2 | | 1 | | 1 | | 1 | | | | | | 1 | | 1 | 9 | 36 | **4,0** |
| **Lækur (Stóri Lækur)** | 1 | | 1 | 1 | | | | | | | 1 | | 2 | | 1 | 1 | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | 12 | 93 | **7,8** |
| **Marbakki** | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 12 | 104 | **8,7** |
| **Núpur** | 1 | | | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 2 | | 2 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 105 | **7,0** |
| **Rjúpnahæð** | 2 | | | 2 | 1 | | 1 | | | | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 18 | 111 | **6,2** |
| **Sólhvörf** | | 1 | | 1 | | | 1 | | | | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | | | 12 | 120 | **10,0** |
| **Urðarhóll (Kóp.br.)** | 2 | | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 2 | | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 109 | **7,3** |
| **Urðarhóll (Skólatröð)** | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | | | 1 | | 1 | 12 | 26 | **2,2** |
| **SAMTALS 2017** | **26** | **11** | **6** | **24** | **5** | **5** | **8** | **0** | **4** | **17** | **18** | **16** | **25** | **1** | **23** | **7** | **17** | **15** | **6** | **6** | **10** | **5** | **25** | **12** | **16** | **308** | **2.126** | |
| **MEÐALTAL 2016** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | **13,4** | | **7,1** |

| Leiktækifæri 2025 | Bekkir | Berjarunnar | Boltavöllur/-svæði | Borð með bekkjum | Brú | Drullumallsvæði | Eldstæði | Fjölbreyttur efniviður | Fuglahús/-bretti | Grasbrekka | Grasflöt | Grjót | Gróðursæld | Göng | Hjólastígar/aðrir stígar | Höll | Malarsvæði | Matjurtagarður/-svæði | Náttúrusvæði | Setstallar | Sleðabrekka | Staurabyrping | Stór hörð svæði | Timburpallar | Útivatnskrani | Leik-tæki-færi alls | Fjöldi rýma | Fjöldi rýma pr. leikt-tæki-færi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalþing** | 1 | | | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 12 | 116 | **9,7** |
| **Arnarsmári** | 2 | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 21 | 84 | **4,0** |
| **Austurkór** | 1 | | | 1 | | | 1 | | | 1 | 1 | | | | 1 | | | | | | | 1 | 1 | | 1 | 9 | 116 | **12,9** |
| **Álfaheiði** | 2 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | | 2 | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 19 | 80 | **4,2** |
| **Álfatún** | 1 | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 13 | 79 | **6,1** |
| **Barnaskóli Kársness** | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 1 | | | 1 | | | | 1 | | 1 | 10 | 80 | **8,0** |
| **Baugur** | 1 | | 2 | 2 | | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | | 1 | 1 | | 2 | 1 | 1 | 18 | 143 | **7,9** |
| **Dalur** | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 2 | 1 | 1 | 17 | 82 | **4,8** |
| **Efstihjalli** | 1 | 1 | 2 | 1 | | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 15 | 97 | **6,5** |
| **Fagrabrekka** | 1 | 1 | | 1 | | | 1 | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | | | | 1 | 1 | | 2 | 1 | | 13 | 68 | **5,2** |
| **Fífusalir** | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | | | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 18 | 106 | **5,9** |
| **Furugrund** | 2 | | 1 | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 14 | 100 | **7,1** |
| **Grænatún** | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | | | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 16 | 63 | **3,9** |
| **Kópahvoll** | 1 | | | 1 | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | 1 | | 12 | 74 | **6,2** |
| **Kópasteinn** | 2 | 1 | 1 | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | | | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 15 | 68 | **4,5** |
| **Kópasteinn (Litli-Steinn)** | 2 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | | 1 | | | | 1 | | 1 | | | | | 11 | 30 | **2,7** |
| **Kór** | 2 | 1 | | 2 | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 17 | 112 | **6,6** |
| **Lækur (Litli Lækur)** | 1 | | | 1 | | | | | | | 2 | | 1 | | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 1 | 9 | 36 | **4,0** |
| **Lækur (Stóri Lækur)** | 2 | 1 | 2 | 1 | | 1 | | 1 | | | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 1 | 20 | 93 | **4,7** |
| **Marbakki** | 1 | | | 1 | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | 14 | 99 | **7,1** |
| **Núpur** | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 2 | | 2 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 | 1 | 21 | 99 | **4,7** |
| **Rjúpnahæð** | 2 | 1 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 1 | 1 | 2 | | 2 | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 22 | 106 | **4,8** |
| **Sólhvörf** | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | | 1 | 1 | | 1 | | 2 | 1 | | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 14 | 139 | **9,9** |
| **Urðarhóll** | 2 | | 1 | 1 | 1 | | | | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 2 | | 1 | 1 | | | 1 | | 1 | | 1 | 18 | 130 | **7,2** |
| **SAMTALS 2025** | **33** | **14** | **14** | **26** | **5** | **12** | **8** | **4** | **7** | **22** | **21** | **21** | **27** | **0** | **27** | **9** | **8** | **7** | **7** | **10** | **18** | **6** | **25** | **16** | **21** | **368** | **2.200** | |
| **MEÐALTAL 2025** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | **15,5** | | **6,2** |

**Tafla 4. Leiktækifæri á leikskólalóðum 2016 og 2025.** Flokkað er: +/-10% frá meðaltali (blátt), 10-20% undir meðaltali (ljósgrænt), meira en 20% undir meðaltali (dökkgrænt), 10-20% yfir meðaltali (gult) og meira en 20% yfir meðaltali (rautt). Því færri börn um hvert leiktækifæri, þ.e. því lægri tala, þeim mun fjölbreyttari lóð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

# Mat á leikskólalóðum

Árið 2017 kom starfshópurinn um skemmtilegar leikskólalóðir kom sér saman um að búa til og nota 13 mælikvarða við mat lóðanna. Þeir eru í þremur flokkum:

## Aðstæður:

**Stærð útisvæða.** Því stærra svæði, þeim mun meira pláss og minni átroðningur. Sjá bls. 3.

**Leiktæki** og **leiktækjastig**. Því færri börn um hvert leiktæki/leiktækjastig, þeim mun betra. Sjá bls. 4.

**Önnur leiktækifæri**. Því færri börn um hvert leiktækifæri, þeim mun fjölbreyttari lóð. Sjá bls. 4-5.

**Aðgengi að útivistarsvæðum í nágrenninu**. Metið er annars vegar út frá því hversu langt er að fara frá leikskóla að útivistarsvæði og hversu örugg leiðin er og hins vegar út frá stærð og fjölbreytni útivistarsvæðanna í nágrenninu. Því fleiri stig, þeim mun betra er aðgengið og styttra að fara á útivistarsvæðið.

## Almennt ástand:

Eðlilegt er við mat á leikskólalóðum að ástand þeirra og búnaðar á þeim vegi þungt og eru því 6 af 13 mælikvörðum í þessum flokki. Metið er: **ástand leiktækja, ástand undirlags við leiktæki, ástand annars búnaðar á lóð, ástand girðinga og hliða, ástand lýsingar á lóð** og loks **ástand annarra lóðarhluta**.

Gefin voru 1-5 stig fyrir hvern mælikvarða þar sem ástandið var metið: 1 = mjög slæmt (hvergi notað), 2 = ekki nógu gott, 3 = í lagi, 4 = gott, 5 = mjög gott. Því fleiri stig, þeim mun betra ástand.

## Aldur:

Í þessum flokki er metinn **aldur leiktækja** á lóðum annars vegar og hins vegar **hvenær lóð var gerð eða endurgerð**, eða réttara sagt sá tími sem liðinn er frá því. Því fleiri stig, þeim mun yngri eru leiktækin og/eða styttri tími liðinn frá gerð eða endurgerð lóðar.

Í töflu 5. eru niðurstöður matsins settar fram í tölum í fyrrnefndum þremur flokkum, bæði eins og þær eru í skýrslunni frá 2017 (gögn frá 2016) og í stöðumati 2025. Eins og sjá má eru niðurstöður stundum mismunandi eftir flokkum, t.d. þar sem aðstæður eru ekki góðar en ástand lóðar og búnaðar er gott. Tekin eru saman stig fyrir hvern flokk og síðan sett fram sem hlutfall af mögulegum hámarksfjölda stiga. Til auðkenningar er hlutfallstalan merkt með fjólubláum lit ef hún er meira en 5% yfir meðaltali, hvítur prósentureitur merkir að hlutfallið sé +/- 5% frá meðaltali og appelsínu litur meira en 5% undir meðaltali.

Gefin voru 1-5 stig fyrir hvern mælikvarða þar sem ástandið var metið: 1 = mjög slæmt (hvergi notað), 2 = ekki nógu gott (>10% undir meðaltali), 3 = í lagi (meðaltal +/- 10%), 4 = gott (>10% yfir meðaltali),  = mjög gott (>20% yfir meðaltali). Því fleiri stig, þeim mun betra ástand.



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

| Heildarmat á leikskólalóðum 2016 | Aðstæður | | | | | | | Ástand | | | | | | | | Aldur | | | | ALLS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Úti-svæði | Fjöldi leik-tækja | Fjöldi leikt.-stiga | Leikt-tæki-færi | Útiv.-svæði í nágr. | Stig sam-tals | Hlut-fall | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags | Ástand búnaðar | Ástand girð. og hliða | Ástand lýsingar á lóð | Ástand lóðar, annað | Stig sam-tals | Hlut-fall | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð | Stig sam-tals | Hlut-fall | Stig alls | Hlut-fall |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 | 40% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 24 | 80% | 4 | 4 | 8 | 80% | 42 | 65% |
| Arnarsmári | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 15 | 60% | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 14 | 47% | 3 | 2 | 5 | 50% | 34 | 52% |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 11 | 44% | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 25 | 83% | 5 | 5 | 10 | 100% | 46 | 71% |
| Álfaheiði | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 16 | 64% | 4 | 4 | 4 | 3 | 2 | 4 | 21 | 70% | 5 | 5 | 10 | 100% | 47 | 72% |
| Álfatún | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | 13 | 52% | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 17 | 57% | 3 | 3 | 6 | 60% | 36 | 55% |
| Baugur | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 12 | 48% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 24 | 80% | 4 | 4 | 8 | 80% | 44 | 68% |
| Dalur | 2 | 4 | 5 | 4 | 3 | 18 | 72% | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 5 | 25 | 83% | 5 | 5 | 10 | 100% | 53 | 82% |
| Efstihjalli | 5 | 4 | 3 | 2 | 3 | 17 | 68% | 2 | 3 | 4 | 3 | 2 | 2 | 16 | 53% | 2 | 3 | 5 | 50% | 38 | 58% |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 3 | 2 | 15 | 60% | 3 | 3 | 4 | 2 | 2 | 3 | 17 | 57% | 3 | 2 | 5 | 50% | 37 | 57% |
| Fífusalir | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 16 | 64% | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 44 | 68% |
| Furugrund | 2 | 2 | 3 | 3 | 5 | 15 | 60% | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 26 | 87% | 5 | 5 | 10 | 100% | 51 | 78% |
| Grænatún | 3 | 4 | 5 | 4 | 5 | 21 | 84% | 4 | 5 | 4 | 3 | 5 | 5 | 26 | 87% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 3 | 5 | 19 | 76% | 4 | 4 | 3 | 2 | 3 | 2 | 18 | 60% | 3 | 2 | 5 | 50% | 42 | 65% |
| Kópasteinn | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 19 | 76% | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 21 | 70% | 3 | 2 | 5 | 50% | 45 | 69% |
| Kór | 5 | 2 | 2 | 2 | 2 | 13 | 52% | 4 | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 22 | 73% | 4 | 4 | 8 | 80% | 43 | 66% |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 23 | 92% | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 23 | 77% | 4 | 4 | 8 | 80% | 54 | 83% |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 4 | 4 | 3 | 5 | 19 | 76% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 2 | 18 | 60% | 3 | 2 | 5 | 50% | 42 | 65% |
| Marbakki | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 15 | 60% | 3 | 4 | 3 | 4 | 2 | 3 | 19 | 63% | 3 | 4 | 7 | 70% | 41 | 63% |
| Núpur | 2 | 3 | 3 | 3 | 4 | 15 | 60% | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 22 | 73% | 2 | 2 | 4 | 40% | 41 | 63% |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 2 | 4 | 5 | 17 | 68% | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 45 | 69% |
| Sólhvörf | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 12 | 48% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 23 | 77% | 4 | 4 | 8 | 80% | 43 | 66% |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 17 | 68% | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 2 | 21 | 70% | 4 | 4 | 8 | 80% | 46 | 71% |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 5 | 5 | 5 | 4 | 2 | 21 | 84% | 2 | 4 | 3 | 3 | 2 | 3 | 17 | 57% | 2 | 2 | 4 | 40% | 42 | 65% |
| Meðaltal 2016: | 3,1 | 3,1 | 3,2 | 3,0 | 3,7 | 16,0 | 64% | 3,6 | 3,8 | 3,7 | 3,4 | 3,2 | 3,3 | 21,0 | 70% | 3,6 | 3,4 | 7,0 | 70% | 44,0 | 68% |

| Heildarmat á leikskólalóðum 2025 | Aðstæður | | | | | | | Ástand | | | | | | | | Aldur | | | | ALLS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Úti-svæði | Fjöldi leik-tækja | Fjöldi leikt.-stiga | Leikt-tæki-færi | Útiv.-svæði í nágr. | Stig sam-tals | Hlut-fall | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags | Ástand búnaðar | Ástand girð. og hliða | Ástand lýsingar á lóð | Ástand lóðar, annað | Stig sam-tals | Hlut-fall | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð | Stig sam-tals | Hlut-fall | Stig alls | Hlut-fall |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 | 40% | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 28 | 93% | 3 | 4 | 7 | 70% | 45 | 69% |
| Arnarsmári | 4 | 4 | 4 | 5 | 3 | 20 | 80% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 59 | 91% |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 12 | 48% | 4 | 2 | 4 | 5 | 5 | 2 | 22 | 73% | 4 | 4 | 8 | 80% | 42 | 65% |
| Álfaheiði | 3 | 3 | 3 | 5 | 3 | 17 | 68% | 3 | 3 | 4 | 5 | 5 | 4 | 24 | 80% | 3 | 3 | 6 | 60% | 47 | 72% |
| Álfatún | 3 | 4 | 4 | 3 | 5 | 19 | 76% | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 28 | 93% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Barnaskóli Kársness | 2 | 4 | 4 | 2 | 2 | 14 | 56% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 54 | 83% |
| Baugur | 4 | 4 | 4 | 2 | 3 | 17 | 68% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Dalur | 2 | 5 | 5 | 5 | 3 | 20 | 80% | 4 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Efstihjalli | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 4 | 3 | 17 | 68% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 56 | 86% |
| Fífusalir | 3 | 5 | 5 | 3 | 5 | 21 | 84% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 61 | 94% |
| Furugrund | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 15 | 60% | 4 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 26 | 87% | 4 | 4 | 8 | 80% | 49 | 75% |
| Grænatún | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 23 | 92% | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 28 | 93% | 5 | 5 | 10 | 100% | 61 | 94% |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 3 | 4 | 18 | 72% | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 21 | 70% | 2 | 3 | 5 | 50% | 44 | 68% |
| Kópast. (Litli-Steinn) | 5 | 2 | 3 | 5 | 4 | 19 | 76% | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 58 | 89% |
| Kópasteinn | 3 | 5 | 5 | 5 | 4 | 22 | 88% | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 3 | 20 | 67% | 2 | 3 | 5 | 50% | 47 | 72% |
| Kór | 5 | 2 | 3 | 3 | 2 | 15 | 60% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 19 | 63% | 3 | 3 | 6 | 60% | 40 | 62% |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 25 | 100% | 3 | 3 | 4 | 5 | 3 | 4 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 53 | 82% |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 4 | 3 | 5 | 5 | 20 | 80% | 5 | 5 | 5 | 3 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Marbakki | 2 | 3 | 2 | 2 | 5 | 14 | 56% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 19 | 63% | 2 | 3 | 5 | 50% | 38 | 58% |
| Núpur | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 58 | 89% |
| Sólhvörf | 2 | 2 | 3 | 2 | 3 | 12 | 48% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 52 | 80% |
| Urðarhóll | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 12 | 48% | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 21 | 70% | 3 | 3 | 6 | 60% | 39 | 60% |
| Meðaltal 2025: | 3,1 | 3,5 | 3,5 | 3,5 | 3,8 | 17,3 | 69% | 4,2 | 4,3 | 4,7 | 4,4 | 4,6 | 4,0 | 26,1 | 87% | 4,1 | 4,3 | 8,4 | 84% | 51,9 | 80% |
| Meðaltal 2016: | 3,1 | 3,1 | 3,2 | 3,0 | 3,7 | 16,1 | 64% | 3,6 | 3,8 | 3,7 | 3,4 | 3,2 | 3,3 | 21,0 | 70% | 3,6 | 3,4 | 7,0 | 70% | 44,0 | 68% |
| | | | | | | | 108% | | | | | | | | 124% | | | | 120% | | 117% |

| | |
|---|---|
| 2 = | undir meðaltali |
| 3 = | meðaltal +/-10% |
| 4 = | 10-20% yfir meðaltali |
| 5 = | > 20% yfir meðaltali |

| | |
|---|---|
| 0% | > 10%-stig undir meðaltali |
| 0% | +/-10%-stig frá meðaltali |
| 0% | > 10%-stig yfir meðaltali |

**Tafla 5. Mat á leikskólalóðum eftir flokkum 2016 og 2025.** Sjá skýringar á bls. 7. Sjá má að í flokknum „ástand“ hefur staðan batnað um 24% frá 2016 og um 20% í flokknum „aldur“ hefur staðan batnað um 20% á sama tímabili. Hvort tveggja er árangur endurnýjunar lóða og aukins viðhalds undanfarinna ára.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Í töflu 5. eru niðurstöður matsins settar fram í tölum í fyrrnefndum þremur flokkum, bæði eins og þær eru í skýrslunni frá 2017 (gögn frá 2016) og í stöðumati 2025. Tekin eru saman stig fyrir hvern mælikvarða og síðan sett fram sem hlutfall af mögulegum hámarksfjölda stiga. Með samanburði þessara tveggja taflna sést glögglega hve ástandið hefur batnað frá 2016. Meðaltal mælikvarðanna á öllum lóðum var þá 68% en er nú 80%. Hæpið er að nokkur lóðanna nái 100%, sérstaklega þar sem suma þætti er erfitt að bæta að fullu, eins og t.d. bætt aðgengi að útivistarsvæðum eða þar sem útisvæði er í minna lagi. Slíkt er aðeins hægt að bæta á tvennan hátt; með því að stækka lóð, sem oftast nær er ekki mögulegt, eða þá með því að fækka rýmum, sem er óraunhæft að mati undirritaðs.

Niðurstöður matsins eru af þessum sökum stundum mismunandi eftir flokkum, t.d. þar sem aðstæður eru ekki góðar en ástand lóðar og búnaðar er gott. Í töflu 6 er sýnt mat í hverjum flokki fyrir sig. Það sýnir að staðan núna er um 15% betri en hún var 2016, nema í flokknum „Aðstæður“ sem er 8% betri.

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

# Samandregnar niðurstöður endurmats að forgangsröðun

| Heildarmat á leikskólalóðum 2016 | Aðstæður | | | | | | | Ástand | | | | | | | | Aldur | | | | ALLS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Úti-svæði | Fjöldi leik-tækja | Fjöldi leikt.-stiga | Leikt-tæki-færi | Útiv.-svæði í nágr. | Stig sam-tals | Hlut-fall | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags | Ástand búnaðar | Ástand girð. og hliða | Ástand lýsingar á lóð | Ástand lóðar, annað | Stig sam-tals | Hlut-fall | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð | Stig sam-tals | Hlut-fall | Stig alls | Hlut-fall |
| Arnarsmári | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 15 | 60% | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 14 | 47% | 3 | 2 | 5 | 50% | 34 | 52% |
| Álfatún | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | 13 | 52% | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 17 | 57% | 3 | 3 | 6 | 60% | 36 | 55% |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 3 | 2 | 15 | 60% | 3 | 3 | 4 | 2 | 2 | 3 | 17 | 57% | 3 | 2 | 5 | 50% | 37 | 57% |
| Efstihjalli | 5 | 4 | 3 | 2 | 3 | 17 | 68% | 2 | 3 | 4 | 3 | 2 | 2 | 16 | 53% | 2 | 3 | 5 | 50% | 38 | 58% |
| Marbakki | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 15 | 60% | 3 | 4 | 3 | 4 | 2 | 3 | 19 | 63% | 3 | 4 | 7 | 70% | 41 | 63% |
| Núpur | 2 | 3 | 3 | 3 | 4 | 15 | 60% | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 22 | 73% | 2 | 2 | 4 | 40% | 41 | 63% |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 | 40% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 24 | 80% | 4 | 4 | 8 | 80% | 42 | 65% |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 3 | 5 | 19 | 76% | 4 | 4 | 3 | 2 | 3 | 2 | 18 | 60% | 3 | 2 | 5 | 50% | 42 | 65% |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 4 | 4 | 3 | 5 | 19 | 76% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 2 | 18 | 60% | 3 | 2 | 5 | 50% | 42 | 65% |
| Urðarhóll (Skólatröð) | 5 | 5 | 5 | 4 | 2 | 21 | 84% | 2 | 4 | 3 | 3 | 2 | 3 | 17 | 57% | 2 | 2 | 4 | 40% | 42 | 65% |
| Kór | 5 | 2 | 2 | 2 | 2 | 13 | 52% | 4 | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 22 | 73% | 4 | 4 | 8 | 80% | 43 | 66% |
| Sólhvörf | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 12 | 48% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 23 | 77% | 4 | 4 | 8 | 80% | 43 | 66% |
| Baugur | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 12 | 48% | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 24 | 80% | 4 | 4 | 8 | 80% | 44 | 68% |
| Fífusalir | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 16 | 64% | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 44 | 68% |
| Kópasteinn | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 19 | 76% | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 21 | 70% | 3 | 2 | 5 | 50% | 45 | 69% |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 2 | 4 | 5 | 17 | 68% | 4 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 45 | 69% |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 11 | 44% | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 25 | 83% | 5 | 5 | 10 | 100% | 46 | 71% |
| Urðarhóll (Kóp.br.) | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 17 | 68% | 4 | 3 | 4 | 4 | 4 | 2 | 21 | 70% | 4 | 4 | 8 | 80% | 46 | 71% |
| Álfaheiði | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 16 | 64% | 4 | 4 | 4 | 3 | 2 | 4 | 21 | 70% | 5 | 5 | 10 | 100% | 47 | 72% |
| Furugrund | 2 | 2 | 3 | 3 | 5 | 15 | 60% | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 26 | 87% | 5 | 5 | 10 | 100% | 51 | 78% |
| Dalur | 2 | 4 | 5 | 4 | 3 | 18 | 72% | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 5 | 25 | 83% | 5 | 5 | 10 | 100% | 53 | 82% |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 23 | 92% | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 4 | 23 | 77% | 4 | 4 | 8 | 80% | 54 | 83% |
| Grænatún | 3 | 4 | 5 | 4 | 5 | 21 | 84% | 4 | 5 | 4 | 3 | 5 | 5 | 26 | 87% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Meðaltal 2016: | 3,1 | 3,1 | 3,2 | 3,0 | 3,7 | 16,0 | 64% | 3,6 | 3,8 | 3,7 | 3,4 | 3,2 | 3,3 | 21,0 | 70% | 3,6 | 3,4 | 7,0 | 70% | 44,0 | 68% |

| Heildarmat á leikskólalóðum 2025 | Aðstæður | | | | | | | Ástand | | | | | | | | Aldur | | | | ALLS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Úti-svæði | Fjöldi leik-tækja | Fjöldi leikt.-stiga | Leikt-tæki-færi | Útiv.-svæði í nágr. | Stig sam-tals | Hlut-fall | Ástand leik-tækja | Ástand undir-lags | Ástand búnaðar | Ástand girð. og hliða | Ástand lýsingar á lóð | Ástand lóðar, annað | Stig sam-tals | Hlut-fall | Aldur leik-tækja | Ár frá gerð /endur-gerð | Stig sam-tals | Hlut-fall | Stig alls | Hlut-fall |
| Marbakki | 2 | 3 | 2 | 2 | 5 | 14 | 56% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 19 | 63% | 2 | 3 | 5 | 50% | 38 | 58% |
| Urðarhóll | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 12 | 48% | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 21 | 70% | 3 | 3 | 6 | 60% | 39 | 60% |
| Kór | 5 | 2 | 3 | 3 | 2 | 15 | 60% | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 19 | 63% | 3 | 3 | 6 | 60% | 40 | 62% |
| Austurkór | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 12 | 48% | 4 | 2 | 4 | 5 | 5 | 2 | 22 | 73% | 4 | 4 | 8 | 80% | 42 | 65% |
| Kópahvoll | 5 | 3 | 3 | 3 | 4 | 18 | 72% | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 3 | 21 | 70% | 2 | 3 | 5 | 50% | 44 | 68% |
| Aðalþing | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 | 40% | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 28 | 93% | 3 | 4 | 7 | 70% | 45 | 69% |
| Kópasteinn | 3 | 5 | 5 | 5 | 4 | 22 | 88% | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 3 | 20 | 67% | 2 | 3 | 5 | 50% | 47 | 72% |
| Álfaheiði | 3 | 3 | 3 | 5 | 3 | 17 | 68% | 3 | 3 | 4 | 5 | 5 | 4 | 24 | 80% | 3 | 3 | 6 | 60% | 47 | 72% |
| Furugrund | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | 15 | 60% | 4 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 26 | 87% | 4 | 4 | 8 | 80% | 49 | 75% |
| Sólhvörf | 2 | 2 | 3 | 2 | 3 | 12 | 48% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 52 | 80% |
| Lækur (Litli Lækur) | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 25 | 100% | 3 | 3 | 4 | 5 | 3 | 4 | 22 | 73% | 3 | 3 | 6 | 60% | 53 | 82% |
| Barnaskóli Kársness | 2 | 4 | 4 | 2 | 2 | 14 | 56% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 54 | 83% |
| Fagrabrekka | 2 | 4 | 4 | 4 | 3 | 17 | 68% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 56 | 86% |
| Baugur | 4 | 4 | 4 | 2 | 3 | 17 | 68% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Álfatún | 3 | 4 | 4 | 3 | 5 | 19 | 76% | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 28 | 93% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Dalur | 2 | 5 | 5 | 5 | 3 | 20 | 80% | 4 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Efstihjalli | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Lækur (Stóri Lækur) | 3 | 4 | 3 | 5 | 5 | 20 | 80% | 5 | 5 | 5 | 3 | 5 | 4 | 27 | 90% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Núpur | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 57 | 88% |
| Kópast. (Litli-Steinn) | 5 | 2 | 3 | 5 | 4 | 19 | 76% | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 58 | 89% |
| Rjúpnahæð | 3 | 3 | 3 | 5 | 4 | 18 | 72% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 58 | 89% |
| Arnarsmári | 4 | 4 | 4 | 5 | 3 | 20 | 80% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 29 | 97% | 5 | 5 | 10 | 100% | 59 | 91% |
| Fífusalir | 3 | 5 | 5 | 3 | 5 | 21 | 84% | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 30 | 100% | 5 | 5 | 10 | 100% | 61 | 94% |
| Grænatún | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 23 | 92% | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 28 | 93% | 5 | 5 | 10 | 100% | 61 | 94% |
| Meðaltal 2025: | 3,1 | 3,5 | 3,5 | 3,5 | 3,8 | 17,3 | 69% | 4,2 | 4,3 | 4,7 | 4,4 | 4,6 | 4,0 | 26,1 | 88% | 4,1 | 4,3 | 8,4 | 84% | 51,9 | 80% |
| Meðaltal 2016: | 3,1 | 3,1 | 3,2 | 3,0 | 3,7 | 16,1 | 64% | 3,6 | 3,8 | 3,7 | 3,4 | 3,2 | 3,3 | 21,0 | 70% | 3,6 | 3,4 | 7,0 | 70% | 44,0 | 68% |
| | | | | | | | 108% | | | | | | | | 126% | | | | 120% | | 117% |

| | |
|---|---|
| 2 = | undir meðaltali |
| 3 = | meðaltal +/-10% |
| 4 = | 10-20% yfir meðaltali |
| 5 = | > 20% yfir meðaltali |

| | |
|---|---|
| 0% | > 10%-stig undir meðaltali |
| 0% | +/-10%-stig frá meðaltali |
| 0% | > 10%-stig yfir meðaltali |

**Tafla 6. Heildarmat á leikskólalóðum og forgangsröðun 2017 og 2025.**



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Í töflu 6. er samanlögðum niðurstöðum matsins stillt upp frá fæstum og niður í flest heildarstig. Ekki kemur á óvart að nýendurgerðar lóðir raði sér neðst, þar er ástandið að jafnaði best og síst þörf á endurbótum. Á sama hátt er eðlilegt að þær lóðir sem fá lökustu útkomuna verði í mesta forgangi hvað endurbætur varðar.

Rétt er að taka fram aftur að í þessu er miðað við að lokið sé við lóðir Baugs og Rjúpnahæðar. Forgangsröðun er hér sett fram til viðmiðunar og ber t.d. að skoða hvernig stigafjöldinn er samsettur og þ.a.l. hvað er mest aðkallandi að gera á hverri lóð og hvað er hægt að gera. Sum verkin er hægt að vinna í áföngum, fara fyrr í ákveðna hluti og bæta ástandið verulega. Annars staðar er það óskynsamlegt og ekki um annað að gera en endurnýja öll leiktæki og undirlag í einu, svo dæmi sé tekið.

# Lokaorð

Í tengslum við verkefnið um skemmtilegri skólalóðir var tekin upp ný vinnutilhögun sem fylgt hefur verið síðan. Við meiriháttar endurhönnun og endurgerð leik- og grunnskólalóða er skipaður starfshópur um hverja lóð sem samanstendur af fulltrúum umhverfissviðs og menntasviðs, viðkomandi skólastjóra, ásamt fulltrúum starfsfólks og foreldra, auk landslagsarkitekts. Í grunnskólum er einnig fulltrúi nemenda í hópnum. Þessi tilhögun hefur skilað sér í mikilli ánægju skólasamfélagins með þær framkvæmdir sem þegar hafa verið unnar og er mikilvægt að haldið sé áfram á þessari braut.

Eins og fyrr segir er einnig mikilvægt að breytingar séu mælanlegar og ekki síður að unnið sé með nýjustu upplýsingar hverju sinni. Til þess er þessi samantekt gerð og er það von undirritaðs að hún nýtist í áframhaldandi vinnu við endurgerð leikskólalóðanna, því þó verkefnið sé komið vel af stað er því fjarri því lokið.

8. janúar 2026,

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026